

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Heimspeki

Andvana fæðing Alkibíadesar

Um sókratíska vitsmunahyggju og þrískiptingu sálarinnar

Ritgerð til B.A.-prófs

Trausti Einarsson

Kt.: 130172-3939

Leiðbeinandi: Geir Þórarinn Þórarinsson

Janúar 2021

Ágrip

Síðan á 19. öld hefur samræðan *Alkibíades* verið umdeild meðal þeirra sem fjalla um verk Platons. Margir hafa efast um að hún sé réttilega eignuð Platoni, oft á forsendum sem virðast lítilvægar. Hins vegar virðist slíkur efi ekki hafa verið til staðar í fornöld. Þvert á móti þótti samræðan heppilegur inngangur að verkum Platons. Í *Alkibíadesi* má finna lýsingu á fyrstu tilraun Sókratesar til að vekja með hinum unga manni ást á heimspeki. Sú aðferð sem Sókrates beitir og hugmyndir hans um hvernig Alkibíades getur orðið dygðugur eru í anda vitsmunahyggju Sókratesar. Í *Samdrykkjunni* má finna vísbendingar um hvers vegna tilraun Sókratesar mistókst. Aðferð hans virðist ekki skila þeim árangri sem henni er ætlað. Platon setur í *Ríkinu* fram kenningu um þrískiptingu sálarinnar. Henni er ætlað að koma í stað hugmynda Sókratesar. Sér í lagi má nota þrískiptingu til að skýra hvernig hægt er að breyta gegn betri vitund, nokkuð sem Sókrates hafnar. Greining á vandanum við Alkibíades með hjálp sálarlíkans *Ríkisins* gefur þannig sennilega mynd af því hvað fór úrskeiðis. Um leið bendir slík greining til þess að að hvorki Sókrates né lýðurinn beri ábyrgð á hvernig maður Alkibíades reyndist vera – heldur hann sjálfur.

Efnisyfirlit

Inngangur.....	4
Kafli 1: Heimspeki og aðferð Sókratesar.....	5
Kafli 2: <i>Alkibíades</i>	8
Kafli 3: <i>Samdrykkjan</i>	16
Kafli 4: <i>Ríkið</i>	18
Lokaorð.....	24
Heimildaskrá.....	26

Inngangur

Sókrates var dæmdur til dauða í Aþenuborg 399 f.o.t. Ákærur gegn honum voru að hann kynnti Aþeningum nýja guði og að hann spillti æsku borgarinnar. Síðarnefnda sakargiftin hefur án efa vegið þungt í hugum kviðdómenda. Einn hinna ungu manna sem Sókrates var talinn hafa spillt var Alkibíades, alræmdur borgarníðingur af góðum ættum.¹ Ferill Alkibíadesar er stráður fjölda tilvika svika, eigingjarnrar breytni og taumlauss persónulegs metnaðar á kostnað hagsmuna lýðræðisins. Í stuttu máli var hann óþokki. Og Sókrates hafði haft afskipti af honum. Alkibíades kemur víða fyrir í samræðum Platons; ýmist sem einn þáttakenda eða um hann er fjallað í fjarveru hans. Það er ljóst að Platoni hefur verið hugleikið að gera grein fyrir hvernig tilraunir Sókratesar til að vekja með hinum unga manni ást á heimspeki mistókust. Algeng túlkun er að það hafi verið lýðurinn sem spillti honum. Það sem kallað hefur verið „vandinn við Alkibíades“ er ef til vill að hluta til áhrif hinna mörgu, jafnvel lýðræðisins sjálfs, á efnilega pilta. En er vandinn ekki að sama skapi sjálf aðferð og heimspeki Sókratesar?

Síðan á 19. öld hefur samræðan *Alkibíades* verið umdeild meðal þeirra sem fjalla um verk Platons. Margir hafa efast um að hún sé réttilega eignuð Platoni, oft á forsendum sem virðast lítilvægar. Hins vegar virðist slíkur efi ekki hafa verið til staðar í fornöld. Þvert á móti þótti samræðan heppilegur inngangur að verkum Platons. Í *Alkibíadesi* má finna lýsingu á fyrstu tilraun Sókratesar til að vekja með hinum unga manni ást á heimspeki. Samræðan er um margt óvenjuleg en sá Sókrates sem þar birtist er í samræmi við þá vitsmunahyggju sem kennd er við hann. Í *Ríkinu* má finna merki þess að Platon telji hugmyndir Sókratesar um dygd og hvers vegna við breytum gegn henni ófullnægjandi. Möguleg ástæða þess að Sókrates er kennslufræðilega misheppnaður er of einföld sýn á hvernig við verðum dygðug. Þar að auki er þessi gallaða afstaða sprottin af fyrrnefndri sókratískri vitsmunahyggju, mikilvægum þætti heimspeki hans. Þannig má sjá umfjöllun Platons um Alkibíades bæði sem framhald af málsvörn Sókratesar en um leið greina gagnrýnið viðhorf til hugmynda hans. Sókrates býr ekki yfir nógu fágaðri sýn á sálarlíf okkar; hvernig samspil ólíkra hluta sálarinnar er nauðsynlegt ef vel á að til takast. „Vandinn við Alkibíades“ reynist við slíka greiningu frekar ójafnvægi í sálinni en vankunnátta eða áhrif fjöldans.

¹ Nafn Alkibíadesar kemur reyndar ekki fyrir í *Málsvörn Sókratesar*.

Hér verður fyrst fjallað um helstu þætti heimspeki og aðferðar Sókratesar. Næst verður samræðan *Alkibíades* skoðuð með áherslu á hvernig hún er í megindráttum í samræmi við þá heimspeki. Þar á eftir fær Alkibíades sjálfur orðið. Hann lýsir í *Samdrykkjunni* reynslu sinni af Sókratesi og sameiginlegu verkefni þeirra. Saman gefa þessar samræður nokkuð heildstæða mynd af sambandi þeirra tveggja. Um leið gefa þær vísbendingu um í hverju vandinn við Alkibíades er fölginn. Að lokum verður þessi vandi greindur með hjálp *Ríkisins*. Í samræðunni setur Platon fram fræga kenningu um samsetningu sálarinnar. Sú þrískipting sálar sem þar kemur fram verður notuð til að skýra hvers vegna tilraunir Sókratesar með Alkibíades mistakast. Um leið mun slík greining benda til þess að hvorki Sókrates né lýðurinn beri ábyrgð á hvernig maður Alkibíades reyndist vera – heldur hann sjálfur.

Heimspeki og aðferð Sókratesar

Sókrates skrifaði ekkert sjálfur, svo vitað sé. Nemandi hans Platon er því helsta heimild okkar um Sókrates. Í því er fölginn ákveðinn vandi þegar kanna á heimspeki hins sögulega Sókratesar.² Tíðkast hefur að flokka verk Platons í þrjú skeið: eldri, miðverk og yngri samræður. Eldri samræður eru styttri en þær sem Platon átti eftir að skrifa seinna. Almennt er talið að hinn sögulegi Sókrates birtist okkur helst í elstu samræðunum. Slíkar sókratískar samræður gefi hvað skýrasta mynd af heimspeki og ekki síst aðferð hans. Eftir því sem samræðurnar verða flóknari með tilliti til heimspekilegs innihalds verða hugðarefni Platons sem heimspekings meira áberandi. Í þessum samræðum setur Sókrates fram tilgátur sem við höfum enga ástæðu til að ætla að hann hafi aðhyllt. Hann verður fyrst og fremst sögupersóna sem Platon notar til að koma hugmyndum sínum á framfæri.³ Til að flækja málin enn frekar hefur verið bent á að mögulega sé flokkun í sókratískar samræður villandi. Í „Did Plato write Socratic Dialogues?“ bendir Charles Kahn á að mörg þau einkenni sem finna má í miðverkum Platons megi einnig merkja í þeim sem eru talin eldri. Raunar leggur Kahn til að flokkur eldri sókratískra samræða verði lagður til hliðar.⁴ Ástæðuna segir hann vera að Platon hafi ekki skrifað samræður um Sókrates án þess að bæta við eigin hugmyndum.

² Þó ekki eina heimildin. Aristófanés og Xenofón gera honum einnig skil. Mismunandi lýsingar þeirra á Sókratesi undirstrika einungis vanda okkar.

³ Cooper, „Introduction,“ xii–xiii.

⁴ Kahn. „Did Plato write Socratic Dialogues?“, 122.

Með þetta í huga er ansi fátt sem hægt er að segja með nokkurri vissu um heimspeki Sókratesar. Sókrates á að hafa haldið tvennu fram. Annars vegar að dygð væri þekking. Hins vegar að enginn væri vísvitandi illur.⁵ Þessar hugmyndir Sókratesar hafa stundum verið nefndar sókratísk vitsmunahyggja (e. *Socratic intellectualism*). Af þessum tveimur staðhæfingum leiðir að röng breytni er alltaf merki um vankunnáttu. Við sækjumst eftir þeim hlutum sem við teljum góða. Ef við gerum mistök, sækjumst eftir einhverju sem ekki er gott, er það vegna þess að við vitum ekki betur. Í *Prótagóراسi* má þannig sjá Sókrates halda því fram að „þeir sem gera mistök með tilliti til [...] góðs og ills, gera það vegna skorts á þekkingu“.⁶ Hugmyndin um að hægt sé að verða löngunum sínum að bráð er samkvæmt þessu fásinna. Sá sem gerir illt skortir aðeins þekkingu en ekki til að mynda viljastyrk. Slíkur skortur á sjálfsstjórn (ἀκρασία) er samkvæmt Sókratesi einfaldlega ómögulegur. Það er ekki hægt að breyta gegn betri vitund; að vita hvað er rétt og gera það síðan ekki.

Hvað dygðir varðar segir Sókrates í *Prótagóراسi* það ekki mögulegt að búa yfir einni dygð án þess að búa yfir þeim öllum. Slík eining dygða sameinar hugrekki, guðrækni, réttlæti, hófstillingu og visku.⁷ Líklega er átt við að dygð sé í ákveðnum skilningi aðeins ein og réttlæti, hugrekki og svo framvegis eru hlutar hennar.⁸ Slík siðferðisdygð byggja á siðferðislegri þekkingu og ólíkar birtingarmyndir dygðarinnar grundvallast á þessari þekkingu.⁹ Dygð er samkvæmt þessu alfarið hugræn, felst í starfsemi hugans. Allir hvatar til athafna eru sömuleiðis hugrænir. Engin þörf er á að temja langanir eða bæta skapgerð á annan hátt. Ef ég veit hvað er gott mun ég gera það sem er gott. Og það er alltaf hagur okkar að gera það sem er gott. Hamingja okkar veltur á því að við séum dygðug.¹⁰ En illar gjörðir skaða okkur sjálf, jafnvel meira en þá sem verða fyrir þeim.¹¹ Þess vegna stefna sálir okkar að því að gera það sem er gott. Þau okkar sem eru dygðug eru einfaldlega þau sem búa yfir nauðsynlegri þekkingu til að ná þessu markmiði.¹² Þetta hangir allt saman, dygð sem veltur á þekkingu okkar og hagsmunir okkar sem manna.

⁵ Pl. *Men.* 78a–b., Pl. *Prt.* 358d. Eins notar Sókrates þessa hugmynd í varnarræðu sinni. Pl. *Ap.* 25c–26a.

⁶ Pl. *Prt.* 357d.

⁷ Pl. *Prt.* 349b.

⁸ Vlastos, *Platonic Studies*, 225.

⁹ Brickhouse og Smith, „Socrates“, 62–3.

¹⁰ Pl. *Grg.* 507c–e.

¹¹ *Ibid.*, 508c.

¹² Sedley, „Socratic intellectualism in the *Republic*’s central digression“, 77.

Frægt er að véfréttin í Delfí á að hafa sagt Sókrates vera vitrastan allra. Sókrates taldi það hæpið en tók að gefa sig á tal við þá sem gætu vitað meira en hann. Í ljós kom að engir viðmælenda hans vissu það sem þeir töldu sig vita. Ólíkt þeim vissi Sókrates ekkert en *taldi* sig heldur ekkert vita. Að því leyti var hann þó vitrari en þeir.¹³ Sókrates taldi guðinn hafa falið sér verkefnið að hvetja Aþeninga til að íhuga visku og hirða um sálir sínar, svo þær yrðu sem bestar.¹⁴ Í eldri ritum Platons er hinn dæmigerði Sókrates upptekinn við að spyrja viðmælendur sína um siðfræðileg efni, til að mynda hugrekki. Hann spyr oft spurninga á forminu „Hvað er X?“. Stundum reyna viðmælendur að svara með dæmum þess sem þeir eru beðnir um að skilgreina. Sókrates hafnar slíkum svörum. Hann vill ekki dæmi um hugrekki, heldur vita *hvað* hugrekki sé. Sókrates leggur á það áherslu að ef við vitum hvað eitthvað er, getum við sagt hvað það er.¹⁵ Hann bendir á mótsagnir í svörum viðmælenda sinna, oft við lítinn fögnuð þeirra sem sitja fyrir svörum. Markmið hans er að eigin sögn að aðstoða menn við að sjá hve lítið þeir vita. Þetta ástand er eftirsóknarvert að sögn Sókratesar. Slík fávísi er sem fyrr segir eina viskan sem hann telur sig búa yfir.

Í samræðum Platons sjáum við Sókrates beita ákveðinni aðferð við viðmælendur sína. Þessi aðferð hans er nefnd *elenchus* (ἐλεγχος).¹⁶ Hinni sókratísku aðferð má lýsa eitthvað á þessa leið:¹⁷

Viðmælandi Sókratesar staðhæfir að p sé satt.

Sókrates setur fram staðhæfingu (q & r) og á hana er fallist.

Sókrates sýnir fram á að $(q$ & $r) \rightarrow \sim p$.

Upphafleg staðhæfing viðmælandans stenst ekki.

Engin niðurstaða fæst.

Stundum eru gerðar nokkrar atrennur en dæmigerðri eldri sókratískri samræðu lýkur án niðurstöðu. Gríska orðið yfir það er *aporia* (ἀπορία).¹⁸ Sókrates kveður viðmælendur sína, sem sumir hverjir átta sig ekki á því að skoðanir þeirra hafa verið hraktar. Eftir sem áður er helsti tilgangur hnekkingar að gera viðmælendum ljóst hve lítið þeir vita.¹⁹

¹³ Pl. *Ap.* 21d.

¹⁴ *Ibid.*, 29d.

¹⁵ Pl. *La.* 190c.

¹⁶ Stungið hefur verið upp á að þýða *elenchus* með nafnorðinu „hnekking“.

¹⁷ Vlastos, „The Socratic Elenchus“, 712.

¹⁸ Ef til vill eru „blindgata“ eða „öngstræti“ ekki fjarri merkingu gríska orðsins.

¹⁹ Í *Málsvörn Sókratesar* segir hann reyndar að leit hans hafi verið að fólki sem hafði þekkingu, ekki að afhjúpa vanþekkingu. Ef hann hefði fundið slíka þekkingu hefði það sýnt að véfréttin hafi haft á röngu að standa. Sjá Pl. *Ap.* 21c.

Sókrates neitar því oft að hann sjálfur sé að hnekkja því sem haldið er fram. Það sé λόγος sem hafni svörum viðmælenda.²⁰ Þetta λόγος er ekki annað en rökin sem eru notuð. Hlutverk viðmælandans er mikilvægt, rökfærslan veltur á því að spurt sé og svarað. Allar hnekkingar eru þannig díalektískar rökfærslur. Notkun Sókratesar á hnekkingu ber vott um vitsmunahyggju hans. Hún er notuð til að prófa staðhæfingar, aldrei athafnir.²¹ Með öðrum orðum er markmiðið að kanna hvort staðhæfing bendi til þekkingar og dygðug breytni er aldrei metin. Sem kennsluáðferð eykur hnekking ekki þekkingu en er ætlað að gera hana mögulega.²² Að sama skapi getur hnekking sýnt okkur að við höfum rangt fyrir okkur en ekki hvers vegna.²³ Ef vel tekst til mun sá sem hefur svarað og lent í mótsögn skilja hve lítið hann veit í raun. Með því er hann tilbúinn að leita þekkingar. Og þar sem dygð er þekking, er niðurstaða hnekkingar nauðsynlegt fyrsta skref í sjálfsrækt.

Alkibiádes

Heildarverk Platons, svokallaður *Corpus Platonicum*, voru gefin út af Þrasýllosi á fyrstu öld e.o.t. Hann setti 35 samræður og 13 bréf í 9 fjórleiki, svokallaðar tetralógíur. Þrasýllos gaf sömuleiðis út þau verk sem hann taldi vafasöm í viðauka. *Alkibiádes* er í fjórða fjórleik, ef til vill óheppilega flokkuð með þremur samræðum sem efast er um að Platon hafi skrifað.²⁴ Þrasýllos gaf hverri samræðu undirtitil. *Alkibiádes* er þannig *Um sálina og eðli mannsins*. Samræðan var talin ósvikin fram á 18. öld en þá ritaði þýski fornfræðingurinn Friedrich Schleiermacher innganga að samræðum Platons. Þar efast hann um að *Alkibiádes* sé réttilega eignuð Platoni. Hér verða talin upp nokkur helstu umkvörtunarefni hans sem tengjast umfjöllun hér. Schleiermacher telur Sókrates í *Alkibiádesi* frekar stunda kappræður eða þras en rökræðu.²⁵ Ræða Sókratesar í upphafi samræðunnar mæli einnig gegn því að hún sé eftir Platon.²⁶ Í stórum dráttum telur Schleiermacher að Sókrates eins og hann birtist hér sé ekki í samræmi við lýsingar í

²⁰ Robinson, „Elenchus“, 79.

²¹ Vlastos, *Platonic Studies*, 207.

²² Ibid, 84. Nakhnikian telur að skilgreining hugrekkis í *Prt.* 360d sé eina dæmi um þekkingu sem hnekking skilar í samræðum Platons. Hugrekki er þar þekking á því hvað ber að hræðast og hvað ekki. Sjá Nakhnikian, „Elenctic Definitions“, 138.

²³ Robinson, „Elenchus“, 91.

²⁴ Almenn er talið að Platon hafi ekki skrifað *Alkibiádes II*, *Hipparkos* og *Elskendurna*.

²⁵ Schleiermacher, *Schleiermacher's Introductions to the Dialogues of Plato*, 333.

²⁶ Ibid, 330.

öðrum samræðum.²⁷ Eins telur hann langa ræðu um Spörtu og Persíu grunsamlega.²⁸ Að lokum sé umbreyting Alkibíadesar úr hrokagikk í upphafi samræðu í undirgefna kennarasleikju undir lokin ósannfærandi.²⁹ Í heildina telur Schleiermacher *Alkibíades* hafa lítið heimspekilegt gildi, nema í þeim tilvikum þar sem hugmyndir eru betur settar fram annars staðar.³⁰ Hér og þar megi þó finna fagan texta í bland við einskins vert efni.³¹

Gagnrýni Schleiermacher hafði mikil áhrif á viðhorf til *Alkibíadesar*. Í rúma öld var það minnihlutaskoðun að samræðan væri eftir Platon. Hins vegar hafa nýlega verið færð rök fyrir að hann hafi í raun skrifað verkið. Þannig hafa stílfræðilegar rannsóknir bent til að samræðan sé eftir Platon.³² Í inngangi sínum að *Alkibíadesi* rekur Nicholas Denyer nokkrar helstu ástæður fyrir vafa og andmælir þeim. Ein ástæðan er sú að samræðan virðist hvergi passa í þá ritunarröð sem almennt er miðað við. En þar sem slík röð kom til eftir að *Alkibíades* féll úr tísku er ekki gott að reiða sig á hana sem rök gegn samræðunni.³³ Önnur mótbára gegn samræðunni er að hún er of lík öðrum samræðum. En eins og Denyer bendir á er ekkert líkara hlut en hluturinn sjálfur.³⁴ Denyer svarar einnig þeim sem segja hana ekki nógu líka öðrum samræðum, til að mynda vegna notkunar á sjaldgæfum orðum. Sjaldgæf orð koma sjaldan fyrir, þess vegna eru þau sjaldgæf. Það geta verið gildar ástæður fyrir notkun þeirra, til að mynda að einmitt þessi orð gefa ákveðin áhrif.³⁵ Versta telur Denyer þá afstöðu að samræðan sé hvoru tveggja í senn, of lík og ólík samræðum Platons. Auðvitað er hver einasti hluti *Alkibíadesar* annaðhvort líkur eða ólíkur óumdeildu verki. Slík afstaða setji þá sem vilja verja samræðuna í vonlausa stöðu.³⁶ Það er síður en svo búið að útkljá málið og án efa verða skiptar skoðanir áfram um *Alkibíades*. En þeir sem vilja útiloka samræðuna hafa

²⁷ Því miður náði Schleiermacher ekki að klára innganga að öllum samræðunum. Gaman hefði verið að sjá hvað honum þótti um fremur daufan inngang og síðan grafarþögn Sókratesar í *Tímajosi*. Sókrates Platons er ekki alltaf hinn sami.

²⁸ Schleiermacher, *Schleiermacher's Introductions to the Dialogues of Plato*, 330–1.

²⁹ Ibid, 334–5.

³⁰ Ibid, 328–9.

³¹ Ibid, 330. Schleiermacher gælir við þá hugmynd að þessa bestu hluta samræðunnar megi jafnvel eigna Platoni.

³² Young, „Plato and Computer Dating,“ 35. Niðurstaða tölvugreiningar Ledgers á *Alkibíadesi* sýnir hana svipa mjög til fjölda ósvikinna verka Platons. Oft sýnir niðurstaðan samræðuna líkari þessum verkum en þau eru innbyrðis.

³³ Denyer, „Introduction,“ 22–3.

³⁴ Ibid, 16.

³⁵ Ibid, 15–6.

³⁶ Ibid, 16–7.

ekki enn fært afgerandi rök fyrir afstöðu sinni. Því hefur það færst í vöxt að fjallað sé um *Alkibiades* án fyrirvara um að Platon sé höfundur verksins.

Hér á undan var því lýst hvernig algengt er að vissri tegund sókratískrar samræðu lýkur án niðurstöðu. *Alkibiades* er strangt til tekið ekki slík samræða. Í henni finnum við ekki umræður um siðfræðilegt vandamál sem í lokin er óleyst. Samkvæmt ákveðinni flokkun samræðna Platons er *Alkibiades* af þeirri tegund sem hefur verið kölluð „ljósmóðursleg“ (μαευτικός). Þar er vísað til lýsingar Sókratesar á hlutverki sínu við að aðstoða viðmælendur sína að fæðast inn í heimspekilega hugsun. Samræðan er einnig hvetjandi (e. *protreptic*).³⁷ Um leið og hún lýsir hvernig Alkibiades tekur breytingum, snýr sér að heimspeki, er henni ætlað að vera lesandanum leiðarvísir. Vegna þessara einkenna var samræðan talin heppilegur inngangur að verkum Platons í fornöld.

Engu að síður er ljóst að *Alkibiades* er um margt óvenjuleg samræða. Hér á eftir verða aðeins rakin nokkur atriði samræðunnar sem geta varpað ljósi á samband Sókratesar við titilpersónuna. Sömuleiðis verður fjallað um nokkur atriði sem eru ódæmigerð fyrir samræður Platons. Fyrst hvernig Sókrates fær Alkibiades til að taka þátt í samræðu og mögulegri skýringu á ræðu hans um Spörtu og Persíu. Því næst dæmi um hvernig Sókrates beitir hnekkingu en þar sníður hann spurningar sínar að því sem Alkibiades þráir. Að lokum verður fjallað um heimspekilegt innihald samræðunnar. Það er annars vegar hugmyndin um að sálin sé hið sanna sjálf. Hins vegar að leiðin til sjálfsþekkingar sé að sálin spegli sig í annarri sál.

Samræðan hefst á því að Sókrates segist einn geta hjálpað Alkibiadesi. Án hans muni ungi maðurinn aldrei ná þeim áhrifum sem hann þráir.³⁸ Alkibiades þrætir ekki fyrir að vilja völd en spyr hvort hann þurfi nokkuð að leggja mikið á sig. Sókrates spyr: „Þykir þér erfitt að svara spurningum?“³⁹ Fram að þessu hefur samræðan aðeins snúist um að fá Alkibiades til að taka þátt í umræðum. Sókrates beitir hér ódæmigerðri aðferð. Það er óvenjulegt að Sókrates höfðar hér til metnaðar og hégóma viðmælanda. Í stað þess að hrósa viðmælandanum eins og svo algengt er, sjáum við hann gera lítið úr því sem Alkibiades telur sig búa yfir. Sú sókratíska írónía, sem Schleiermacher saknar svo, er vissulega víðs fjarri. Hafa ber í huga að sókratísk írónía gegnir mikilvægu hlutverki

³⁷ Sögnin *προτρέπω* getur þýtt að hvetja, að sannfæra eða snúa sér að. *Προτρεπτικός λόγος* er ákveðin tegund af heimspekiriti sem var algeng eftir dauða Platons. Slíkt rit mætti jafnvel kalla lystauka.

³⁸ Pl. *Alc.* 105e. Ég notast við þýðingu D. S. Hutchinson hjá Cooper.

³⁹ *Ibid.*, 106b. Lesendur sem þekkja Sókrates vita að Alkibiades á ekki von á góðu.

í hnekkingu. Henni er ætlað að gera viðmælendur móttækilega fyrir verkefninu. Þegar Sókrates skjallar viðmælendur sína, sem margir hverjir eru á varðbergi gagnvart honum, er tilgangurinn ekki síst að fá þá til að tjá sig án fyrirvara.⁴⁰ En svo virðist sem Sókrates sé reiðubúinn að beita öllum brögðum til að lokka menn í samræður.⁴¹ Leiðin sem hann fer í *Alkibiádesi*, að höfða til metnaðar en um leið gera lítið úr tilvonandi viðmælenda, ber árangur.

Alkibiádes er rétt tæplega tvítugur þegar Sókrates ávarpar hann.⁴² Til stendur að hann komi fyrir þing og muni þar ráðleggja Aþeningum um mál sem hann telur sig vita meira um en þeir.⁴³ Sókrates spyr: „Það sem þú veist hefur þú annaðhvort lært af öðrum eða uppgötvað sjálfur, ekki satt?“ Þegar Alkibiádes játar því fær Sókrates hann til að samþykkja að eitt sinn hafi hann ekki talið sig vita það sem hann veit nú.⁴⁴ Talið berst nú að því um hvaða málefni hann muni ráðleggja Aþeningum. Það er ljóst að það verður ekki skrift, lýruleikur eða glíma. En Alkibiádes er aðeins lærður í þessum fögum.⁴⁵ Það sem er betra í glímu er íþróttamennska og það sem er betra í lýruleik er það með tilliti til tónlistar. Á sama hátt er einnig eitthvað sem er betra þegar kemur að málefnum borgarinnar, til að mynda hvort eigi að fara í stríð. Eitthvað sem er rétt í hverju tilviki og er í samræmi við hæfni á sviðinu.⁴⁶ Það sem er betra þegar kemur að stríði er að heyja það „réttlátlega“.⁴⁷ Alkibiádes hefur ekki haft kennara í slíku.

Næst segist Alkibiádes hafa vitað sitthvað um réttlæti sem ungur drengur. Því hafnar Sókrates. Alkibiádes hafi ekki getað uppgötvað neitt um réttlæti, þar sem hann getur ekki munað eftir því að telja sig ekki vita. Hnekkingin hefur hingað til verið dæmigerð:

Alkibiádes heldur fram p (telur sig vita eitthvað sem reynist vera réttlæti).

Sókrates segir að ef p þá ($q \vee r$) (hann lærði af öðrum eða uppgötvaði sjálfur).

Í ljós kemur að ($\sim q \ \& \ \sim r$) (hvorugt er rétt).

Niðurstaðan ætti að vera ljós, að Alkibiádes veit ekkert um réttlæti. Hér gerir hann nokkuð sem of fáir viðmælendur Sókratesar gera. Hann heldur fram því sem hann neitaði áður en með örlitlum breytingum. Alkibiádes segist hafa lært um réttlæti líkt og

⁴⁰ Brickhouse og Smith, „Socrates“, 65.

⁴¹ Robinson, „Elenchus“, 81.

⁴² Pl. *Alc.* 123d.

⁴³ Ibid, 106d.

⁴⁴ Ibid, 106d–e.

⁴⁵ Ibid, 106e. Hann vildi ekki læra á aulos. Lýra þótti göfugra hljóðfæri.

⁴⁶ Ibid, 108b.

⁴⁷ Ibid, 109c.

aðrir, í gegnum fólk almennt. Hann hafi því lært um réttlæti á sama hátt og hann lærði grísku.⁴⁸ Sókrates segir almenning ekki geta kennt slíkt. Til að mynda greini menn oft á um hvað sé réttlátt. En þeir sem vita eitthvað eru sammála. Til að mynda eru menn almennt sammála um móðurmál sitt. Ef fólki greinir á um eitthvað getur það ekki haft þekkingu. Því er fólk almennt ófært að kenna nokkuð um hluti sem það greinir á um.⁴⁹ Hér hefur Alkibíades viðurkennt að hafa reitt sig á kennara sem hafi enga þekkingu. En þar sem hann gat hvorki hafa lært af þeim né uppgötvað þessa hluti sjálfur neyðist hann til að viðurkenna að *samkvæmt því sem Sókrates segi* viti hann ekki neitt um réttlæti og ranglæti.⁵⁰ Sókrates áréttar að það sé Alkibíades sjálfur sem segist ekki hafa þekkingu.⁵¹ Hér verður ljós tilgangur með spurningu Sókratesar í upphafi samræðunnar. Þegar annar spyr og hinn svarar er það hinn síðarnefndi sem heldur fram hlutum.⁵²

Alkibíades telur sig enn sem áður hafa erindi fyrir þingið. Hann bendir á að Grikkir ræði sjaldan hvaða ákvörðun sé réttlát. Þeir telji að slíkt sé augljóst, svo þeir snúa sér að því hvað muni koma sér vel. Það sé tvennt ólíkt, því dæmin sýna að margir græða á því að vera óréttlátir. Eins hafi aðrir ekkert gagn af því að breyta rétt.⁵³ Sókratesi hugnast ekki þessar vangaveltur. Þeir eru sammála um að athöfn getur ekki verið bæði réttlát og fyrirlitleg. Allir réttlátir hlutir eru lofsverðir. Alkibíades kemst fljótt í mótsögn. Þegar hann segir athafnir geta verið bæði aðdáunarverðar og slæmar, virðist hann halda því fram að sami hlutur geti verið góður og slæmur.⁵⁴ Við tekur rökfærsla Sókratesar þar sem hlutverk viðmælandans er að játa öllu sem haldið er fram. Sókrates segir fólk sem geri það sem er lofsvert gera hluti vel. Velgengni er afleiðing þess að gera hluti vel. Við njótum velgengni vegna þeirra góðu hluta sem við hljótum þegar við gerum það sem lofsvert er. Niðurstaðan er augljós. Réttlátir hlutir koma sér vel.⁵⁵ Leið Alkibíadesar reynist ófær. Hann hefur viðurkennt að vita ekkert um réttlæti.

⁴⁸ Ibid, 111a. Þessar mótbárur hans hefðu glatt Prótágóras, þótt Sókrates sannfærast ekki. Prótágóras heldur einmitt því fram við Sókrates að allir séu kennarar þegar kemur að dygð. Sókrates sjái þá ekki frekar en hann sjái nokkra grískukennara. Pl. *Prt.* 327c.

⁴⁹ Ibid, 111b. Alkibíades hefði ef til vill ekki átt að samþykkja þetta. Ágreiningur getur vissulega verið merki þess að enginn viti neitt um það sem er rætt. Eins má ímynda sér að einhverjir viti allan sannleikann, eða hluta hans, en hinir viti ekkert. Deilur um efnið þurfa þá ekki að þýða að enga kennara sé að finna.

⁵⁰ Ibid, 112d.

⁵¹ Ibid, 112e.

⁵² Af ræðu Alkibíadesar í *Samdrykkjunn* munum við sjá hve mjög honum gremst þessi staðreynd. Hann telur Sókrates niskan á heimspeki sína.

⁵³ Ibid, 113d. Ef til vill hafa Grikkirnir gefist upp á ágreiningnum sem fylgir umræðum um hvað er réttlát.

⁵⁴ Ibid, 116a.

⁵⁵ Ibid, 116d. Það er óvenjulegt að Sókrates spyr ekki um hvað réttlæti sé. Skilgreining sem svar við spurningu á forminu „Hvað er X?“ kemur hvergi fyrir í umfjöllun um réttlæti. Umræður um efnið í

Nú þarf hann að gangast við því að geta ekki ráðlagt Aþeningum um það sem kemur sér vel fyrir borgina, þar sem þekking á réttlæti er forsenda þess.

Alkibíades gerir lokatilraun til að sannfæra Sókrates um að hann sé hæfur til að leiða borgina. Þar sem stjórnámálamaður Aþenu séu almennt viðvaningar sé engin þörf á að mennta sig. Meðfæddir hæfileikar hans hljóti að vera miklu meiri en þeirra.⁵⁶ Sókrates atyrðir hann fyrir að leggjast svo lágt að ætla að keppa við Aþeninga. Við tekur löng ræða Sókratesar um yfirburði Spartverja og Persa. Þar sem Aþena eigi stundum í stríði við þessar þjóðir, séu þær raunverulegir keppinautar Alkibíadesar. Allt það sem Alkibíades telur sig búa yfir fölnar í samanburði við Spörtu og Persú. Ekki síst er menntun hans ábótavant. Sonur Persakonungs nýtur hins vegar kennslu fjögurra afburðakennara. Einn þeirra er vitrastur Persa, annar er réttlátastur, þriðji er öðrum hófstílltari og að lokum er fjórði hugrakkastur allra. Alkibíades hafi hins vegar lært af þakverskum þræl sem ekki lengur var hægt að nota í annað.⁵⁷ Eins og er mun Alkibíades ekki komast til metorða í Aþenu, hvað þá utan borgarinnar.⁵⁸ Hér er rétt að benda á tvennt. Annars vegar virðist Sókrates gefa í skyn að það sé í einhverjum skilningi hægt að kenna dygð, í það minnsta virðist hægt að kenna Persum hana.⁵⁹ Hins vegar virðist Sókrates ekki kippa sér upp við að Alkibíades lætur loks sannfærast um nauðsyn sjálfsræktar af ræðunni, frekar en augljósri fávísi sinni. Engu að síður hefur Alkibíades ítrekað mistekist að svara spurningum Sókratesar. Hann gefst upp og segist ekki vita neitt um það sem þeir hafa rætt. Með því hefur hann stigið stórt skref. Í upphafi samræðunnar er hann fávís á versta hátt. Þannig má gera ráð fyrir tveimur tegundum fávísi. Annars vegar stakri fávísi og hins vegar tvöfaldri.⁶⁰ Í upphafi er Alkibíades tvöfalt fávís. Hann veit ekki en telur sig vita. Að því leyti er hann betur settur en fyrr. Aðeins við það að gera sér grein fyrir og játa fávísi sína verður hann reiðbúinn til þess að læra.

Alkibíadesi snúast fyrst og fremst um hvort Alkibíades viti hvað sé réttlátt og hvort réttlátir hlutir séu gagnlegir.

⁵⁶ Ibid, 119b–c.

⁵⁷ Ibid, 121d–122b.

⁵⁸ Ibid, 124b. Ræða Sókratesar um yfirburði Spörtu og Persú þjónar fleiri en einum tilgangi í samræðunni. Hér sannfærist Alkibíades loksins um þörf sína á sjálfsrækt. En það er erfitt að líta fram hjá kaldhæðninni sem felst í ræðunni með hliðsjón af skrautlegum ferli Alkibíadesar. Hann átti eftir að svíkja Aþenu og starfa bæði fyrir Spörtu og Persa. Í stað þess að keppa við þessi stórveldi varð hann leppur þeirra. Áhrifin eru ekki ólík umfjöllun um hugrekki í *Lakkisi*.

⁵⁹ Í andstöðu við til að mynda *Prt.* 318e.

⁶⁰ Rudebusch, „Plato’s Aporetic Style“, 352.

Við tekur rökfærsla Sókratesar sem er vert að lýsa í nokkrum orðum. Þeir sammælast um að vilja vera eins góðir og mögulegt er í því sem góðir menn gera.⁶¹ En slík sjálfsrækt krefst sjálfsþekkingar. Við getum einfaldlega ekki vitað hvaða færni gerir okkur betri, ef við vitum ekki hvað við erum.⁶² Því verði fyrst að svara grundvallarspurningum um hvað þetta sjálf er, sem þekkingin þarf að beinast að.⁶³ Fyrst þarf að byrja að skilgreina hvað *maður* er í raun. Þegar Sókrates talar notar hann orð. Þetta er tvennt ólíkt, það sem notar orðin og orðin sem eru notuð. Greinarmunurinn er sá sami og við gerum á handverksmanni og verkfærum hans. Sömuleiðis hlýtur maður að vera eitt af þrennu: líkaminn, sálin eða sameining hvoru tveggja. Ekki erum við líkamar okkar. Það er jafn fánalegt og að segja verkfæri nota handverksmanninn. En á sama hátt og Sókrates notar orð, notar maður líkama sinn. Því getur líkaminn ekki átt neinn þátt í að stjórna manningum. Það verður ljóst að maðurinn er sálin.⁶⁴ Því er markmiðið er að þekkja sálina.

Sókrates nefnir hvernig véfréttin í Delfí bjóði mönnum að þekkja sjálfa sig. Hvað ef menn væru augu? Væri þá ekki rétt að véfréttin hvatti þá til að sjá sjálfa sig? Þá væri rökrétt að augað horfði á eitthvað í hverju það gæti séð sjálft sig. Sókrates líkir aðferðinni sem hann stingur upp á við hvernig spegla má sig í auga viðmælanda. Ef auga speglar sig í öðru auga, sér það sig sjálft í besta hluta annars auga – þeim hluta sem sér. Rétt eins og auga speglar sig í öðru auga, þá getur sálin speglað sig í annarri sál. Hvað er þá best í annarri sál? Á sama hátt og það besta í auganu er sá hluti þess sem sér, hlýtur besti hluti sálar að vera sá hluti hennar sem hugsar.⁶⁵ Við slíka speglun þar sem sálin einbeitir sér að því besta í annarri sál, þeim hluta þar sem viskan er, mun hún læra að þekkja sjálfa sig.⁶⁶ Sókrates telur því leiðina til sjálfsþekkingar vera díalektíska; mót tveggja hugsandi vera sem tjá sig með λόγος.⁶⁷ Í ljósi þess hvernig sjálfsþekking

⁶¹ Pl. *Alc.* 124e.

⁶² *Ibid.*, 128e.

⁶³ *Ibid.*, 129a–b. Viðfang sjálfsþekkingar er αὐτὸ τὸ αὐτό, sjálfið sjálft eða mögulega sjálfið í sjálfu sér. Í 130d má merkja þá skoðun Sókratesar að þeir hafi ekki svarað því hvað αὐτὸ τὸ αὐτό sé í raun.

⁶⁴ *Ibid.*, 130a–c.

⁶⁵ Joose, „Dialectic and Who We Are í the “Alcibiades”“, 3.

⁶⁶ Pl. *Alc.* 133b. Ekki eingöngu viskan, heldur allt annað sem svipar til hennar. Hér vísar Sókrates væntanlega til annarra dygða eða hluta dygðar. Rökfærslan er ansi aristótelísk. Sjá Arist. *Mag. mor.* 1213a. „... þegar við viljum horfa á andlit okkar höfum við séð þau við að líta í spegil. Með sama hætti ef viljum við þekkja skapgerð okkar og persónuleika, getum við greint þau þegar við horfum á vin; þar sem vinur er, eins og við segjum, annað sjálf“. Í samtali við leiðbeinanda kom upp sú hugmynd að ef *Alkibiades* er ekki eftir Platon, væri auðvitað best ef samræðan væri eftir ungan Aristóteles.

⁶⁷ Joose, „Dialectic and Who We Are í the “Alcibiades”“, 15.

verður til við díalektískt samband við visku í annarri sál, verður ljóst að sjálfsþekking er sjálfsrækt. Sókratískara getur það varla orðið.

Við höfum séð Sókrates þræta fyrir að hafa kennt neinum neitt, síst af öllu dygð.⁶⁸ Hvernig má skýra þá fullyrðingu hans í upphafi samræðunnar að hann einn geti hjálpað Alkibíadesi? Möguleg skýring er að enginn annar hafi komið auga á að sál Alkibíadesar er í skelfilegu ástandi. Enn fremur muni enginn annar stinga upp á þeirri lausn sem Sókrates hefur í huga. Ástæðan er ekki sú að Sókrates hafi einhverja þekkingu sem hann getur látið Alkibíadesi í té sem muni umbreyta honum. Slíkt væri í andstöðu við yfirlýsingar Sókratesar annars staðar um eigin fávísi. Enn virðist svarið vera fólgið í díalektík. Þegar Sókrates segist hafa jafn mikla þörf fyrir samband þeirra virðist hann segja einmitt þetta. Ástand þeirra beggja veltur á því að Alkibíades svari áfram spurningum.⁶⁹ Í gegnum samræðuna verður hlutverk díalektíkur sífellt ljósara: spurning Sókratesar um hvort Alkibíadesi þyki erfitt að svara, ágreiningur um hvor þeirra haldi fram hlutum, mikilvægi þess að Alkibíades svari áfram og leiðin að sjálfsrækt í gegnum aðra sál – díalektík er rauður þráður í gegnum samræðuna alla.⁷⁰

Samræðuna má að hluta til sjá sem áframhaldandi vörn fyrir Sókrates. Það er fátt í *Alkibíadesi* sem andstæðingar Sókratesar gætu fett fingur út í. Sókrates bendir unga manninum á hve slæmt ástand hans er og hvetur hann til að leita dygðar. Þrátt fyrir nokkur óvenjuleg einkenni samræðunnar virðist Sókrates leiða Alkibíades áfram á hátt sem samræmist sókratískri vitsmunahyggju. Sókrates leggur áherslu á að velgengni Alkibíadesar muni velta á því að hann verði eins góður og mögulegt er. Ástæðan er sem fyrr að við njótum velgengni vegna þeirra góðu hluta sem við hljótum þegar við gerum það sem lofsvert er. Í *Alkibíadesi* er dygð þekking og slík þekking tryggir farsæld. Þar sem Alkibíades vill enn geta ráðlagt Aþeningum um mál borgarinnar sammælast þeir um að hann þurfi ekki að öðlast völd, heldur skuli tileinka sér dygð.⁷¹ Eitthvað hefur farið úrskaiðis því við vitum að Alkibíades reyndist alræmdustu mistök Sókratesar. Hér á eftir verður „vandinn við Alkibíades“ greindur í ljósi umfjöllunar Platons í *Samdrykkjunni* og *Ríkinu*. Slík greining á textatengslum (e. *intertextuality*) sýnir að Platon tekst víða á við vandann.

⁶⁸ Pl. *Ap.* 33a.

⁶⁹ Pl. *Alc.* 129a.

⁷⁰ *Ibid.*, 127a.

⁷¹ *Ibid.*, 134c.

Samdrykkjan

Í *Alkibiádesi* má finna fyrsta samtal titilpersónunar og Sókratesar. Platon lætur *Samdrykkjuna* gerast 416 f.o.t. og er samræðunni því sennilega ætlað að lýsa síðasta skipti sem þeir hittust. Í samræðunni ákveða nokkrir Aþeningar, þar á meðal Sókrates, að halda til skiptis ræður um ástina. Í lokin brýst ölvaður Alkibiádes inn í það sem fram að því hafði verið frekar virðuleg samkoma. Hann virðist telja sig hafa fundið eftirpartý og ákveður að halda ræðu, ekki um ást, heldur um Sókrates. Í ljós kemur að ræða Alkibiádesar er síður en svo lofræða. Alkibiádes gagnrýnir Sókrates oft harðlega. Hann segir hann fyrirlíta það sem aðrir meta mikils: fegurð, ríkidæmi og frægð.⁷² Hið sama eigi við um fólk almennt. Líf Sókratesar, í það minnsta opinbert líf hans, er endalaus leikur þar sem hann *þykist fávís*.⁷³ Alkibiádes líkir Sókratesi við ófrýnilega stytta sem er hol að innan.⁷⁴ Við opnun styttunnar kemur í ljós fjársjóður fagurra muna. Þannig er Sókrates sjálfur. Undir fráhrindandi yfirborði og endalausum hugleiðingum um handverk má finna heimspeki sem er engri lík. Það er þessi heimspeki sem Alkibiádes telur Sókrates halda frá sér og öðrum með tilgerðarfávísi. Hann dregur í efa að nokkuð sem Sókrates muni segja sé satt. Sannleikurinn sé ávallt hið gagnstæða.⁷⁵

Í ræðu sinni lýsir Alkibiádes ósvífni Sókratesar. Meðal annars hvernig þegar þeir gegndu herþjónustu saman hafi Sókrates borið af öðrum. Þrek hans og seigla hafi verið slík að herforingjum „þótti hann gera þeim skömm til.“⁷⁶ Jákvæðari hluti lýsingar Alkibiádesar er af manni sem ber af öðrum í visku og dygð. Sókrates virðist vera laus við líkamlegar þarfir og veikleika; hann verður ekki einu sinni ölvaður, þótt hann drekki stundum meira en aðrir. Skömmu fyrr hafði Alkibiádes sagt frá því hvernig honum, sem unglingspilti, hafi mistekist að draga Sókrates á talar. Hann lýsir því hvernig honum þótti hann vanvirtur en dáðist um leið að Sókratesi, „hófstillingu hans og kjarki.“⁷⁷ Það

⁷² Pl. *Symp.* 216d–e. Hér er vert að benda á að þessir hlutir sem Alkibiádes segir Sókrates fyrirlíta eru þeir sömu og Sókrates notar til að lýsa Alkibiádesi í *Alc.* 104a–c. Merking þess er augljóslega sú að hann telur Sókrates fyrirlíta sig. En í *Alc.* 131e segist Sókrates „sá eini sem elskaði [Alkibiádes], aðrir elskuðu það sem [hann bjó] yfir.“

⁷³ Ibid 216e. „...εἰρωνευόμενος δὲ καὶ παίζων πάντα τὸν βίον πρὸς τοὺς ἀνθρώπους διατελεῖ.“ Hjá Cooper er εἰρωνευόμενος παίζων þýtt sem „game of irony“. Sókratísk írónía, sem gegnir svo veigamiklu hlutverki í hnekkingu, hefur skiljanlega bakað Sókratesi töluverðri óvild meðal Aþeninga. Maður spyr sig ekki hvers vegna Sókrates var dæmdur, heldur frekar hvers vegna hann var ekki dæmdur fyrr.

⁷⁴ Ibid, 215a–b. Hér líkir hann Sókratesi við sílena, skógarpúka sem voru oft fyrirmyndir að slíkum stytum.

⁷⁵ Ibid, 214c–d.

⁷⁶ Ibid, 220b. Þýðing Eyjólfss Kjalars Emilssonar í *Samdrykkjunni*. Tilvitnanir eru í íslenskar þýðingar þar sem þær eru til.

⁷⁷ Ibid, 219d.

sem Alkibíades lýsir er í raun hvernig hann sóttist eftir dygð frá Sókratesi. Hann hugðist þiggja slíka dygð í skiptum fyrir greiða. Sókrates segist reyndar ekki vera laus við siðferðislega visku, aðeins slíka visku sem hægt er að láta öðrum í té.⁷⁸

Sókrates fær Alkibíades til að viðurkenna að hann vanræki sjálfan sig um leið og hann sé sífellt að vasast í stjórnámálum.⁷⁹ Hann lýsir því hvernig Sókrates, einn manna, getur fengið hann til að blygðast. Alkibíades virðist gera sér grein fyrir af hverju skömm hans stafar:

„Ég veit innra með mér að þótt ég geti ekki andmælt og mér beri að gera eins og hann segir, læt ég bugast af vegtyllum lýðsins um leið og ég er kominn frá honum...“.⁸⁰

Hann veit með öðrum orðum að það væri honum fyrir bestu að taka þátt í sameiginlegu verkefni þeirra. Hins vegar felist ómótstæðileg freisting í hylli lýðsins. Alkibíades fellur fyrir þeirri freistingu í hvert sinn, þótt hann viti að það sé rangt af honum. Á sama tíma lýsir hann því hvernig hann sækist enn eftir því að verða „sjálfur sem bestur“.⁸¹ Sókrates ítrekar við Alkibíades að leitinn sé sameiginleg; að þeir hugsi saman.⁸² En Alkibíades lítur enn fram hjá hlutverki díalektíkur, sem er snar þáttur í því sem Sókrates leggur til. Aðeins með því að tjá sig við annan í gegnum λόγος, að spyrja og svara, má vænta þess að verða eitthvað ágengt. Hugmynd Sókratesar um sálir sem spegla sig hvor í annarri til að öðlast sjálfsþekkingu; að sjá bæði sig og aðra sál, krefst þess að teygja sig handan þess sem annar getur gefið. Í *Samdrykkjunni* hefur Alkibíades þannig enn ekki meðtekið það sem skipti mestu í fyrsta samtali þeirra. Að sama skapi má sjá að upplifun Alkibíadesar af sameiginlegu verkefni þeirra er síður en svo jákvæð. Sókratesi hefur mistekist að vekja með honum ást á heimspeki. Sókrates líkti gjarnan hlutverki sínu við störf ljósmóður; að aðstoða viðmælendum við að fæðast inn í iðkun heimspeki. Samkvæmt sömu líkingu virðist Alkibíades andvana fæddur.

⁷⁸ Ibid, 218e–219a.

⁷⁹ Í andstöðu við niðurstöðu þeirra í *Alkibíadesi*.

⁸⁰ Ibid, 216a–b.

⁸¹ Ibid, 218d.

⁸² Ibid, 219a–b.

Ríkið

Ef einhver samræða Platons getur talist höfuðrit hans er það *Ríkið*.⁸³ Algeng flokkun á samræðum Platons staðsetur hana í flokki rita frá miðjum ritferli hans.⁸⁴ Samræðan fjallar um fjölmörg efni sem Platoni voru hugleikin. Meðal þeirra eru stjórnmal og lýðræði, hlutverk heimspeki og heimspekinga, uppeldi, dygðir og ekki síst frummyndakenning höfundar.⁸⁵ Þar að auki má í *Ríkinu* finna sálfræðilega kenningu um skiptingu sálarinnar. Þessi kenning sprettur af umræðum um fyrirmyndarríkið. Sókrates og viðmælendur hafa verið að ræða sálir manna og réttlæti. Þegar þeim verður lítið ágengt stingur Sókrates upp á að þeir reyni að finna dygðina í hinu stóra fyrst. Ef til vill muni réttlæti í ríkinu eiga sér hliðstæðu í okkur sjálfum. Þannig megi síðan seinna koma auga á réttlæti í sálum manna.⁸⁶ Fagraborg (*Καλλίπολις*) er ímyndað ríki þar sem íbúarnir hafa ákveðin hlutverk. Flestir vinna þau almennu störf sem þarf til að borgin dafni. Annar hópur sér um hernað og að lögum sé fylgt. Að lokum eru heimspekingar (vitaskuld!) sem stjórna borginni. Slíkri verkaskiptingu er ætlað að tryggja farsæld Fögruborgar. Þar sem íbúar Fögruborgar hafa ólík hlutverk eru dygðir þeirra mismunandi. Hófstilling er dygð fjöldans, hugrekki einkennir verðina og stjórnendur búa yfir visku. Þar sem allir þessir hópar sinna hlutverkum sínum og búa yfir viðeigandi dygðum er jafnvægi í Fögruborg. Slíkt jafnvægi dygða leiðir til svo réttlætis í borginni.⁸⁷

Á sama hátt og í borginni sem Sókrates lýsir má skipta sálum manna í þrjá hluta.⁸⁸ Löngunarhluti sálarinnar er skyni skroppin og beinist að nautn og svölun. Þannig er löngun sólgin í mat, drykk og kynlíf.⁸⁹ En þessi sálarhluti er einnig ágjarni

⁸³ Á annarri öld var samræðan þegar ein fjögurra sem þóttu heppilegar til að gera grein fyrir heimspeki Platons. Hinar þrjár voru *Faidon*, *Tímajos* og *Alkibiádes*. Sjá Cooper, „Greek Philosophers on Euthanasia and Suicide“, 30.

⁸⁴ Sannfærandi rök hafa verið færð fyrir því að fyrsta bók *Ríkisins*, þar sem hinn litríki Þrasýmakkos stelar senunni, sé eldri en þær sem fylgja og hafi upphaflega verið hugsuð sem sjálfstæð samræða. Sjá Nails, „The Early Middle Late Consensus: How Deep? How Broad?“, 174–5.

⁸⁵ Frummyndakenningin tekur nokkrum breytingum í verkum Platons. Hún gegnir margþættu hlutverki hjá Platoni. Meðal annars er um að ræða tilraun til að setja fram kenningu um á hverju er hægt að hafa þekkingu. Þar sem efnisheimurinn virðist ekki bjóða upp á slíkt og í ljósi erfiðleika þess að finna fullnægjandi skilgreiningar í eldri samræðum, verða frummyndir þessi viðföng þekkingar. Þannig er til frummynd hins góða. Hún er utan skynjanlegs og síbreytilegs efnisheims. Hlutir eru góðir að svo miklu leyti sem þeir eiga hlutdeild í þessari frummynd. Staðhæfing í *Ríkinu* um að snið réttlætis sé hið sama í öllum mönnum og í borginni er best skilin í samhengi kenningarinnar. Slíkur skilningur undirstrikar nán tengsl þekkingarfræði, frumspeki og siðfræði Platons. Það er sannarlega svipur með þeim Sókratesi.

⁸⁶ Pl. *Resp.* 368d–e.

⁸⁷ *Ibid.*, 334c.

⁸⁸ *Ibid.*, 441c.

⁸⁹ *Ibid.*, 439d.

hluti sálarinnar, því ástríðum hans er svalað með peningum.⁹⁰ Næst er skynsemin, sá hluti sem sálin hugsar með.⁹¹ Hún beinist að því að vita sannleikann, er heimspekilegi hluti sálarinnar.⁹² En skynsemin vill líka stjórna. Líkt og hjá hliðstæðu hennar í Fögruborg er það hlutverk hennar, þótt koma muni í ljós að stjórn hennar er oft hömluð. Það er í þessum hluta sálarinnar þar sem finna má þá löngun í það sem er gott sem Sókrates byggir svo á.⁹³ Þriðji hlutinn er skapið, sem í fyrstu virðist í ætt við löngun. Hins vegar tekur skapið oftast en ekki afstöðu með skynseminni.⁹⁴ Skap er því bandamaður skynsemi, ef sálin er í jafnvægi. En skapið virðist ekki síst vera skylt löngun vegna þess að það sækist eftir sigrum hvers konar, viðurkenningu og álitum annarra. Hvatar skapsins eru metnaður, reiði og hneykslun en einnig skömm. Þannig hafa hinir þrír sálarhlutar hver sína ánægju og ólíkar langanir.

Dygðir þessara sálarhluta eru hinar sömu og stéttanna í Fögruborg. Þannig er viska dygð skynsemi, hugrekki dygð skapsins og hófstilling löngunar.⁹⁵ Við höfum séð hvaða hlutar felast í dygðinni í eldri samræðum. Hugrekki, guðrækni, réttlæti, hófstilling og viska voru þar oft í einhverjum skilningi eitt. Að svo miklu leyti sem slík eining kemur fyrir í *Ríkinu* er hún ákveðið samspil dygða. En rétt eins og í ríkinu er snið réttlætis hið sama í mönnum. Réttlæti í mannum er einungis mögulegt ef allir hlutar sálarinnar starfa rétt. Maður sem er þannig gerður að „sérhvert þeirra afla sem í honum eru vinnur sitt verk er réttlátur og vinnur sjálfur sitt verk“.⁹⁶ Hér má sjá að þremur dygðum sálarinnar er ætlað að gera mönnum kleift að sinna hlutverki sínu – að vera réttlátir. Slíkt réttlæti nær til innri verka mannsins. Í því felst að koma „reglu á það sem honum heyrir og [stjórna] sjálfur sjálfum sér“.⁹⁷ Slíkri reglu má líkja við hvernig hljóðfæri er stillt í þrjá höfuðtóna. Maðurinn verður við slíka samstillingu eitt en ekki margt. Ytri verk hans munu vera þannig að þau varðveita jafnvægi sálarinnar. Slík göfug verk byggja á visku.⁹⁸ Með öðrum orðum byggja göfug verk á því að skynsemi stjórni í samstilltri sál.

Eins og fram kom er löngunarhluti sálarinnar án nokkurar skynsemi. Eðli þessa sálarhluta samkvæmt er þorsti ekki löngun í drykk sem *góðan*. Þorstinn beinist aðeins

⁹⁰ Ibid, 580e.

⁹¹ Ibid, 339d.

⁹² Ibid, 581b.

⁹³ Vlastos, *Socrates, Ironist and Moral Philosopher*, 86.

⁹⁴ Pl. *Resp.* 440e–441.

⁹⁵ Ibid, 442b–d.

⁹⁶ Ibid, 441d–e.

⁹⁷ Ibid, 443c–d.

⁹⁸ Ibid, 443d–e.

að „drykknum sem slíkum“.⁹⁹ Að þessu leyti víkur Platon frá hugmyndum Sókratesar um að við sækjumst eftir sérhverjum hlut sem góðum. Löngun í drykk getur verið skynsemi óásættanleg. Það er aðeins í skynsemi sem við finnum löngun í hluti sem góða. Það er því hlutverk hennar að skera úr um hvort eigi að drekka. En í sálarlíkani *Ríkisins* er vel mögulegt að löngun í drykk haldi áfram þrátt fyrir neitun skynseminnar. Ef löngun fær sínu fram, þrátt fyrir það skynsemi, er það merki um skort á sjálfsstjórn. Í vitsmunahyggju ræður skynsemin. Ef hún telur drykk ekki góðan mun sá sem hún býr í ekki drekka. Ef hún telur drykkinn góðan þegar hann er það ekki er það til marks um vankunnáttu.¹⁰⁰ Þessar ólíku skoðanir á sálarlífi okkar hafa í för með sér mismunandi leiðir að sama marki, að gera okkur sjálf sem best. Samkvæmt vitsmunahyggju er það nauðsynlegt og nægjanlegt að rækta skynsemina, ef til vill með þeim hætti sem Sókrates leggur til í *Alkibíadesi*. Þrískipting sálarinnar felur í sér sömu nauðsyn á eflingu skynsemi en fleira þarf að koma til.¹⁰¹ Þar sem hver sálarhluti er hinum frábrugðinn eru aðferðirnar við ræktun dygða í þeim ekki hinar sömu. Hið sama á við um langanir sálarhlutanna. Til að mynda eiga langanir skapsins, líkt og í löngunarhluta, ekki uppruna í skynsömum ferlum. Það er eðli sálarhlutans samkvæmt ekki hægt að móta skapið með rökum. Langanir þess mótast að stórum hluta af því hvernig aðrir koma fram við okkur.¹⁰² Sálarlíkaninu fylgir því ákveðin uppeldisfræði. Reyndar er slíkt uppeldi ekki svo frábrugðið því sem Alkibíades hlaut. Viðeigandi iðkun tónlistar gegnir lykilhlutverki.¹⁰³ Ástæðan er sú að fögur list getur hreyft við skapinu. Þannig má nota ástríðu skapsins til að kynna því dygd í gegnum list.

Það liggur beinast við að máta Alkibíades við þessa kenningu um skiptingu sálarinnar. Í sjöundu bók *Ríkisins* lýsir Platon ungum manni sem er um margt líkur Alkibíadesi. Hjá honum myndast í uppeldi togstreita milli skynsemi sem faðir hans innrætir honum og skaps og hvata sem nærast af viðhorfum almennings. Fyrir vikið lendir hann mitt á milli tveggja afla sem toga í hann og mun því stjórna af hinu „kappsfulla, skapríka afli“. Hann verður „hrokafullur og metorðagjarn“ maður.¹⁰⁴ Slíkur maður er líklegur til að þrá hylli þeirra sem vilja nýta hann í eigin þágu. Einkum

⁹⁹ Ibid, 439a.

¹⁰⁰ Vlastos, *Socrates, Ironist and Moral Philosopher*, 87.

¹⁰¹ Ibid, 88.

¹⁰² Cooper, „Plato’s Theory of Human Motivation“, 41.

¹⁰³ Pl. *Resp.* 403c. Reyndar verður engin fjölradda tónlist. Né heldur fjölstrengjuð hljóðfæri þar sem svo virðist sem aðeins dórískar og frýgískar tóntegundir fái að hljóma í borginni. Hver veit nema lýruleikur í hinni stríðu lýdíska tóntegund hafi spilt Alkibíadesi. Sjá Pl. *Resp.* 398e–399d.

¹⁰⁴ Ibid, 550a–b.

á þetta við ef hann er af góðum ættum, auðugur og glæsilegur. Ásæld hans í viðurkenningu múgsins fyllir hann „óstjórnlegri framavon“. Hann mun telja sig þess megnugan að „ráða bæði fyrir Grikkjum og útlendingum“. Erfitt er að tala um fyrir honum, að benda honum á að hann hafi snúið baki við skynsemi. Hann heyrir ekki í gegnum slíkt „lastavirki“. ¹⁰⁵ Þar að auki mun fegurð, ríkidæmi og völd ættarinnar frekar spilla þeim sem eru efni í heimspekinga en hinum sem ekki búa við slík gæði. ¹⁰⁶ Þetta virðist ekki ólíkt þeim Alkibíades sem við höfum kynnst. Þegar í upphafi *Alkibíadesar* sjáum við Sókrates segja hann vilja orðspor sitt og áhrif ná til alls mannkyns. ¹⁰⁷ Hvað eftir annað þarf Sókrates að ítreka þörf Alkibíadesar á að rækta skynsemina og sál sína. ¹⁰⁸ Sömu leiðis leggur Sókrates áherslu á hvernig aðrir hafa elskað Alkibíades vegna þess sem hann býr yfir en ekki sjálfs hans vegna. Alkibíades bregst við eins og Platon lýsir í *Ríkinu*. Hann sækist eftir viðurkenningu þeirra sem vilja nýta sér hann vegna þess sem hann býr yfir. Eins og Sókrates segir í *Alkibíadesi* er hann *δημεραστής*. ¹⁰⁹

Prískiptingu sálarinnar er meðal annars ætlað að leysa vanda með menn eins og Alkibíades. En kenningunni er einnig ætlað að leysa ákveðinn vanda við Sókrates. Vandinn felst ekki síst í því að Sókratesi, líkt og öðrum góðum mönnum, tekst sjaldan að gera æsku Aþenu betri. ¹¹⁰ Í tilfelli Sókratesar er ástæðan hluti heimspeki hans. Sókratísk vitsmunahyggja virðist ganga þvert á innsæi okkar. Ég tel mig oft vita hvað er rétt að gera í ákveðnum aðstæðum. Þegar ég endrum og eins geri annað finnst mér mig ekki skorta þekkingu. Ég þykist enn vita hvað hefði verið rétt að gera og ákveð að leggja mig betur fram næst. Ég ber fyrir mig einhvern veikleika eða minniháttar siðferðisbrest, ekki vankunnáttu. Samkvæmt vitsmunahyggju eru allir hvatar til athafna hugrænir. Mögulega gæti vitsmunahyggja sagt innri togstreitu felast í árekstri skoðana. Þannig gæti Alkibíades samtímis haft rétta skoðun um að dygð sé eftirsóknarverð og ranga skoðun um að hylli lýðsins sé það sömu leiðis. Þegar hann gerir það sem er illt er það vegna þess að röng skoðun varð ofan á.

¹⁰⁵ Ibid, 494b–d.

¹⁰⁶ Ibid, 491a–c. Sömu hlutir sem Alkibíades segir Sókrates fyrirlíta í *Samdrykkjunni* og Sókrates segir aðra hafa elskað við Alkibíades í *Alkibíadesi*.

¹⁰⁷ Pl. Alc. 105c.

¹⁰⁸ Alkibíades telur sig ekki hafa þörf á slíku. Hann þrætir alls fjórum sinnum fyrir að hann sé að halda fram hlutum þegar hann svarar spurningum Sókratesar. Pl. Alc. 106c, 109b–c, 112d, 113a.

¹⁰⁹ Ibid, 132a.

¹¹⁰ Pl. *Prt.* 319b–320b. Í *Prótágorasi* bendir Sókrates á ákveðinn vanda. Vandinn er hvers vegna góðum mönnum takist svo sjaldan að gera syni sína góða. Þessa staðreynd telur Sókrates benda til þess að ekki sé hægt að kenna dygð.

Sálarlíkan *Ríkisins* getur skýrt ranga breytni á annan hátt. Slík skýring þarf ekki að gera ráð fyrir að skynsemin starfi með öðrum hætti en henni er ætlað. Hér má bera saman tvær skilgreiningar á dygð. Við höfum séð hvernig vitsmunahyggjumaður skilgreinir hugrekki. Í *Prótagóراسي* er hugrekki þekking á því hvað skuli hræðast og hvað ekki.¹¹¹ Slík þekking tryggir að sá sem býr yfir henni sé hugrakkur. Í *Ríkinu* er maður hugrakkur þegar „skapið varðveitir [...] boð skynseminnar um hverju stafi ógn af og hverju ekki.“¹¹² Það er ljóst að í þessari skilgreiningu er skapinu ætlað að sinna hlutverki vilja. Ef skapið varðveitir ekki boð skynseminnar er maðurinn ekki hugrakkur.¹¹³ Þekking skynseminnar er nauðsynleg en er ekki nægjanleg.¹¹⁴ Ef ἀκρασία á sér stað má rekja það til þess að skapið vinnur ekki sitt verk. Ekki er þörf á að ætla að Alkibíades sé haldinn vankunnáttu eða að í skynsemi hans sé togstreita. Þegar Alkibíades segist bugast af vegtyllum lýðsins þrátt fyrir að vita hvað sé rétt að gera er hann ekki að lýsa árekstri skoðana. Þvert á móti lýsir hann hvernig skapið sækist eftir ánægju sinni í stað þess að varðveita boð skynsemi. Alkibíades veit hvað er rétt. Hann á að fylgja Sókratesi. En löngun í heiður og hylli, sem tilheyrir skapinu, verður skynseminni yfirsterkari. Hann veit hvað er rétt en gerir annað. Skömm hans, sem aðeins Sókrates kallar fram hjá honum, er merki um að skapið taki eftir á afstöðu með skynsemi og í einhverjum skilningi gegn sjálfu sér. Með því á ég við að skömmin er viðbrögð skapshluta sálarinnar við að hafa látið eftir ánægju sinni: hylli og viðurkenningu lýðsins.

Ef til vill má nú skýra umbreytingu Alkibíadesar, sem Schleiermacher taldi svo ósannfærandi, með hjálp sálarlíkans *Ríkisins*. Í lok *Alkibíadesar* vinnur Sókrates hann á sitt band. Alkibíades lofar að sinna sambandi þeirra og leggja rækt við réttlæti í sjálfum sér.¹¹⁵ Hann þráir viðurkenningu Sókratesar, í það minnsta þegar þeir eru saman. Eftir það togast á í sál Alkibíadesar ósamrýmanlegar langanir. Samkvæmt hugmyndum *Ríkisins* um þrískiptingu sálarinnar má ætla að þær tilheyri skapi. Hann sækist eftir viðurkenningu Sókratesar og lýðsins á víxl. Ræða hans í *Samdrykkjunni* styður slíka túlkun.

¹¹¹ Ibid. 360d.

¹¹² Pl. *Resp.* 442b–c.

¹¹³ Hér er ef til vill komin sú staðfesta sálarinnar sem Lakkes stingur upp á sem skilgreiningu á hugrekki. Sjá Pl. *La.* 192c.

¹¹⁴ Einn kostur þrískiptingar sálarinnar umfram vitsmunahyggju er þessi áhersla á að fleira þurfi en þekkingu. Slík áhersla dregur síður en svo úr mikilvægi þess að rækta skynsemi.

¹¹⁵ Ibid, 135d–e.

Eins má beita kenningu *Ríkisins* á Sókrates sjálfan. Alkibíades lýsir í *Samdrykkjunni* einmitt manni þar sem jafnvægi ríkir í sálinni. Í því sambandi er vert að minnst lýsingar Alkibíadesar á hófstillingu og hugrekki Sókratesar. Hann notar meira að segja réttu nöfnin um dygðir sálarhlutanna.¹¹⁶ Samkvæmt hugmyndum um þrískiptingu er Sókrates réttlátur vegna þess að hver sálarhluti býr yfir viðeigandi dygð. Áhersla Sókratesar á ræktun skynseminnar kann því að hafa verið á kostnað annarra dygða hjá Alkibíadesi. Sumar þessara dygða tilheyra öðrum sálarhlutum en skynsemi. Ræktun skynsemi, eins göfug og hún er, er ekki rétt leið til að efla slíkar dygðir. Mistök Sókratesar geta því hæglega hafa verið afleiðing þeirra hugmynda sem felast í vitsmunahyggju hans.

Í „The Problem of Alcibiades: Plato on Moral Education and the Many“ fjallar Joshua Wilburn um hvað fór úrskeiðis með Alkibíades. Niðurstaða hans felst í tvennu. Annars vegar að þeir hvatar sem tengjast skapinu hafi afgerandi áhrif í siðferðislegu uppeldi líkt og fjallað var um hér að ofan. Hins vegar að lýðræðislegur fjöldinn, ekki Sókrates, beri ábyrgð á að spilla Alkibíadesi.¹¹⁷ Þessir tveir hlutar niðurstöðu Wilburns tengjast. Lýðurinn er í eðli sínu löngunarfullur. Hann muni því óhjákvæmilega hafa áhrif á siðferðisþroska einstaklinga. Þannig getum við orðið löngunum okkar að bráð en einnig löngunum annarra.¹¹⁸ Það er ekki Sókrates heldur Aþena sjálf sem spillir æskunni.¹¹⁹ Það er vert að minnst þess að lýðurinn samsvarar löngunarhluta sálarinnar samkvæmt þrískiptingu. Dygð lýðsins er hófstilling. Ef lýðurinn er ekki dygðugur, og það má ætla að Platon telji svo ekki vera, þá sækist hann eftir svölun langanna sinna. Þessar langanir eru væntanlega margar þess eðlis að metnaðargjarna menn megi nýta til svölunar þeirra. Það er því freistandi að líta svo á, eins og Wilburn gerir, að Platon kenni löngunarfullum lýðnum um hvernig maður Alkibíades reyndist vera. Það má víða greina andlýðræðisleg viðhorf í Platoni.¹²⁰ Með hliðsjón af hvernig fór fyrir Sókratesi eru slík viðhorf til áhrifa fjöldans um margt skiljanleg. En það er eitt að kenna Aþeningum um hvernig fór fyrir Sókratesi annars vegar og Alkibíadesi hins vegar. Annar þeirra var dygðum prýddur og hinn var þorpari. Slík túlkun tekur ekki nægilegt tillit til hvernig þrískipting skýrir skort á sjálfsstjórn.

¹¹⁶ Pl. *Symp.* 219d.

¹¹⁷ Wilburn, „The Problem of Alcibiades: Plato on Moral Education and the Many“, 3.

¹¹⁸ *Ibid.*, 32.

¹¹⁹ *Ibid.*, 24.

¹²⁰ Það má vera að Fagraborg sé fyrirmyndarríki en lýðræðisleg er hún ekki.

Í samhengi þrískiptingar sálarinnar hljótum við að segja Alkibíades sjálfan vera ábyrgan að stærstum hluta. Hann elskar lýðinn og þráir hylli hans. Þessi þrá hans er merki um að í stað viðeigandi dygðar sé ákveðinn sálarhluti haldinn lesti. Alkibíades sækist eftir einhverju öðru en því sem er gott. En það er hann sem gerir það. Í sál Alkibíadesar er sífelld togstreita á milli skynsemi og skaps. Áhrif lýðsins á Alkibíades eru tilkomin vegna þess sem skapið sækist eftir. Ef til vill er rangt að segja Alkibíades verða löngunum lýðsins að bráð. Réttara er að segja að langanir lýðsins nái að virkja þá lesti sem tilheyra skapinu. Áhrif lýðsins á Alkibíades eru því til marks um skelfilegt ástand sálar hans.

Að sama skapi er eitthvað athugavert við að segja aðra bera ábyrgð á því sem við gerum sjálf. Ef Alkibíades hefði sóst eftir hylli kvenna, í stað lýðsins, væri þá rétt að segja konur Aþenu bera ábyrgð á afleiðingunum? Það hljómar dálítið einkennilega. Ámælisverð hegðun Alkibíadesar á sér upptök í vanstilltri sál hans, en ekki í skorti á þekkingu. Flest myndum við segja að röng breytni sem stafar af skorti á sjálfstjórn sé jafnvel fremur ámælisverð en slík breytni sem sprettur af vankunnáttu. Vitneskja Alkibíadesar um að hann geri rangt skiptir máli þegar við úthlutum ábyrgð. Sú togstreita sem hann segir sjálfur frá í *Samdrykkjunni* bendir til að hann sækist ekki af vankunnáttu eftir því sem hann telur að sé gott. Hann velur að gera annað. Og eins og Platon bendir á í lok *Ríkisins* er „ábyrgðin [...] þess sem kys“.¹²² Það er því hæpið að kenna lýðnum um vandann við Alkibíades.

Lokaorð

Í *Alkibíadesi* leggur Sókrates höfuðáherslu á réttlæti og hvernig við verðum réttlát. Svar hans er að leita beri þekkingar í samneyti við aðra sál. Með því að einbeita sér að besta hlutanum í annarri sál öðlumst við þekkingu á okkur sjálfum og um leið þekkingu á dygð. Hugmyndir Sókratesar um hvernig Alkibíades geti orðið dygðugur eru í anda vitsmunahyggju. Samkvæmt henni er dygð þekking. Slík þekking tryggir farsæld. Sálir okkar stefna að því að gera það sem er gott. Dygð er sú þekking sem þarf til að ná þessu markmiði. Í *Alkibíadesi* er vankunnátta Alkibíadesar til marks um skelfilegt ástand sálar hans. Hann er engu betri en þræll. Þetta mat Sókratesar er án efa rétt. En aðferð hans skilar ekki þeim árangri sem henni er ætlað. Vitnisburður Alkibíadesar í *Samdrykkjunni*

¹²² Pl. *Resp.* 617e.

þar sem hann segir frá kynnum sínum af Sókratesi staðfestir slíkt mat. Sókrates er því einn hinna mörgu góðu manna sem gátu ekki gert Alkibíades betri.

Eins og komið hefur fram má telja að Platon hafi þótt vitsmunahyggja Sókratesar ófullnægjandi. Þrískipting sálarinnar gerir betur grein fyrir hvernig það getur mistekist að öðlast dygð en hugmyndir í eldri samræðum. Áhersla á að fleira þurfi en ræktun skynsemi til að gera okkur dygðug sýnir að þrískipting sálarinnar er fagaðri kenning en vitsmunahyggja. Platon vill í *Ríkinu* segja þá sem ekki eru dygðugir, og Alkibíades var sannarlega í hópi þeirra, oft þjást af einhverju öðru en vankunnáttu. Fremur sé um að ræða einhvern sjúkdóm sálarinnar. Það er vanstillt sál Alkibíadesar sem er rót vandans. Staðhæfing Sókratesar um að ἀκρασία sé ómöguleg stenst ekki í sálarlíkani *Ríkisins*. Ef löngunarhluti sálarinnar er ekki hófstílltur ríkir ekki jafnvægi. Skefjaleyfi í löngunarhluta getur þannig valdið ójafnvægi í sálinni. Eins getur skapið sóst eftir eigin ánægju. Afleiðingar þess geta hæglega valdið fyrrnefndu ójafnvægi sálarinnar. Slíkt mun birtast sem sá skortur á sjálfstjórn sem Sókrates afneitar og Alkibíades segist vera haldinn.

Ef þrískipting sálarinnar eins og Platon lýsir í *Ríkinu* á við rök að styðjast stenst sókratísk vitsmunahyggja ekki. Afstaðan gerir ekki grein fyrir því hvernig drukkinn Alkibíades virðist í *Samdrykkjunni* gera sér grein fyrir því hvað honum beri að gera. Hann veit að það er rétt að sækjast eftir því sem er dygðugt. Hann skammast sín frammi fyrir Sókratesi, sem bendir til að skap hans taki afstöðu með skynseminni og gegn sjálfu sér. Lengra kemst hann ekki. Með orðum Oscars Wilde getur hann staðist hvað sem er – nema freistingar. Alkibíades var aldrei líklegur til að rækta skynsemi og sál sína vegna þessarar togstreitu. Án þess jafnvægis sálarinnar sem er forsenda þess að verða réttlátur var tilraun Sókratesar dæmd til að mistakast. En eins og komið hefur fram í umfjöllun um *Samdrykkjuna* og *Alkibíades* virðist Alkibíades oft vita ýmislegt um hvað er rétt að gera en lætur það hjá líða. Að því leyti skortir hann ekki þekkingu, heldur dygð. Og í *Ríkinu* er það ekki alveg sami hluturinn.

Heimildaskrá

Brickhouse Thomas C. og Nicholas D. Smith. „Socrates.“ Í *The Blackwell Guide to Ancient Philosophy*, 55–69, ritstýrt af Christopher Shields. Oxford: Blackwell Publishing, 2003.

Cooper, John M. „Greek Philosophers on Euthanasia and Suicide.“ Í *Suicide and Euthanasia: Historical and Contemporary Themes*, 9–38, ritstýrt af Baruch A. Brody. Amsterdam: Kluwer Academic Publishers, 1989.

Cooper, John M. „Introduction.“ Í *Plato: Complete Works*, vii–xxvi, ritstýrt af John M. Cooper. Indianapolis: Hackett Publishing Company, 1997.

Cooper, John M. „Plato’s Theory of Human Motivation.“ Í *Plato: Critical Assessments*, 27–47, ritstýrt af Nicholas D. Smith. London: Routledge, 1998.

Denyer, Nicholas. „Introduction.“ Í *Alcibiades*, 1–29, ritstýrt af Nicholas Denyer. Cambridge: Cambridge University Press, 2001.

Joose, Albert. „Dialectic and Who We Are í the “Alcibiades”.“ *Phronesis* 59, nr. 1 (2014): 1–21.

Kahn, Charles. „Did Plato write Socratic Dialogues?“ Í *Plato: Critical Assessments*, 120–140, ritstýrt af Nicholas D. Smith. London: Routledge, 1998.

Nails, Debra. „The Early Middle Late Consensus: How Deep? How Broad?“ Í *Plato: Critical Assessments*, 164–182, ritstýrt af Nicholas D. Smith. London: Routledge, 1998.

Naknikian, George. „Elenctic Definitions.“ Í *The Philosophy of Socrates: A Collection of Critical Essays*, 125–157, ritstýrt af Gregory Vlastos. London: Palgrave Macmillan, 1971.

- Platon. *Ríkið*, Eyjólfur Kjalar Emilsson og Kristján Árnason þýddu. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1991.
- Platon. *Samdrykkjan*, Eyjólfur Kjalar Emilsson þýddi. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1999.
- Robinson, Richard. „Elenchus.“ Í *The Philosophy of Socrates: A Collection of Critical Essays*, 78–93, ritstýrt af Gregory Vlastos. London: Palgrave Macmillan, 1971.
- Rudebusch, George. „Plato’s Aporetic Style.“ Í *Plato: Critical Assessments*, 349–356, ritstýrt af Nicholas D. Smith. London: Routledge, 1998.
- Schleiermacher, Friedrich. *Schleiermacher’s Introductions to the Dialogues of Plato*, William Dobson þýddi. Cambridge: J. & J. J. Deighton, 1836.
- Sedley, David. „Socratic intellectualism in the *Republic*’s central digression.“ Í *The Platonic Art of Philosophy*, 70–89, ritstýrt af George Boys-Stones, Dimitri El Murr og Christopher Gill. Cambridge: Cambridge University Press, 2013.
- Vlastos, Gregory. *Socrates, Ironist and Moral Philosopher*. Ithaca, New York: Cornell University Press, 1991.
- Vlastos, Gregory. „The Socratic Elenchus.“ *The Journal of Philosophy* 79, nr. 11 (1982): 771–714.
- Vlastos, Gregory. *Platonic Studies*. Princeton: Princeton University Press, 1981.
- Wilburn, Joshua. „The Problem of Alcibiades: Plato on Moral Education and the Many.“ Í *Oxford Studies in Ancient Philosophy Volume XLIX*, 1–36, ritstýrt af Brad Inwood. Oxford: Oxford University Press, 2015.
- Young, Charles M. „Plato and Computer Dating.“ Í *Plato: Critical Assessments*, 29–49, ritstýrt af Nicholas D. Smith. London: Routledge, 1998.